



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innanríkisráðuneytið  
Bryndís Helgadóttir  
Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2012  
Tilv.: MMR10060549/0.4.3-

Efni: Afnám refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Þann 16. júní 2010 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsис. [Sjá nánar fylgiskjal 1]. Markmið þingsályktunarinnar er m.a. að hér á landi verði framsækið umhverfi fyrir skráningu og starfsemi alþjóðlegra fjölmíðla, útgáfufélaga, sprotasýrtækja, mannréttindasamtaka og gagnaversfyrirtækja. Síkar breytingar munu leiða til þess að treysta þurfi stoðir lýðræðis, hvetja til nauðsynlegra umbóta hérlandis og auka gagnsæi og aðhald. Í greinagerð með þingsályktunartillöggunni segir m.a.:

Upplýsingasamfélagið má sín lítils ef stöðugt er vegið að leiðum til að koma á framfæri upplýsingum sem viðurkennt er að almenningur eigi rétt á. Þótt sum lönd hafi lögfest fyrir myndir á þessu svíði hefur ekkert ríki enn sameinað allt það besta til að skapa sér sérstöðu svo sem [...] hér er kynnt. Ísland hefur því einstakt tækifæri til að taka forustu með því að búa til traustvekjandi lagaramma sem væri byggður á bestu löggjöf annarra ríks.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið falið að vinna að framgangi tillögunnar og hefur skipað stýrihóp til að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Stýrihópnum er ætlað að hafa forsögn um að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum staflíða a og b, með hlíðsjón af þjóðréttarskuldbindingum Íslands. Í tengslum við framkvæmd þingsályktunarinnar telur stýrihópurinn að það skuli kannað hvort rétt sé að hefja vinnu við endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 26. gr. skaðabotalaga, nr. 50/1993.

Ákvæði XXV. kafla hegningarlagna hafa staðið nánast óbreytt frá því að þau voru sett árið 1940. Aftur á móti hafa verið gerðar miklar umbætur á svíði mannréttinda frá því að löginn voru sett og slík vernd fengið aukið vægi í samfélagini. Má nefna í þessu sambandi að Ísland hefur undirgengist fjölmarga alþjóðlega mannréttindasáttmála, þar á meðal Mannréttindasáttmála Evrópu, auk þess sem mannréttindakafli íslensku stjórnarskrárinna hefur verið endurskoðaður. Í ljósi framangreinds hefur sprottið talsverð umræða um hvort efnisatriði XXV. kafla hegningarlagna fái staðist nýrrí viðhorf til mannréttinda, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinna og 10. gr. MSE. [Sjá nánar fylgiskjal 3].

Aukinheldur ber að nefna breytt viðhorf í dóum Hæstaréttar Íslands og má það ekki síst rekja til áhrifa frá dóum Mannréttindadómstóls Evrópu síðustu ára. Þó svo að Mannréttindadómstóllinn hafi ekki lýst því yfir að refsiákvæði vegna ærumeiðinga séu sem slík ósamrýmanleg Mannréttindasáttmálanum, þá virðist dóumstóllinn í auknum mæli gagnrýna notkun refsinga sem úrræðis á þessu svíði. Þing Evrópuráðsins hefur einnig lýst yfir áhyggjum af misnotkun réttarúrræða vegna ærumeiðinga og hvatt aðildarríki til að fella úr gildi eða endurskoða refsiákvæði sín um ærumeiðingar. [Sjá nánar fylgiskjal 4].

Samkvæmt framangreindu óskar stýrihópurinn eftir því að refsréttarnefnd innanríkisráðuneytisins

veiti honum formlegt álit á því hvort afnema skuli refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla hegningarálaganna, og jafnframt hvort rétt sé að réttarúrræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga.

Fyrir hönd stýrihópsins

Margrét Magnúsdóttir  
Margrét Magnúsdóttir

- Fylgiskj.:
1. Þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsис, þskj. 1392, 138. lp. 383. mál
  2. Tillaga til þingsályktunar, um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsис, þskj. 688, 138. lp. 383. mál
  3. Tillaga til þingsályktunar, um afnám refsiákvæða vegna ærumeiðinga, þskj. 307, 133. lp. 294. mál
  4. Council of Europe, Parliamentary Assembly, Resolution 1577 (2007)